

Ár 2025, mánudaginn 12. maí kl. 12.15 er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Halldóri Frímannssyni dómsformanni í Dómstól ÍSÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 4/2025:

Kraftlyftingafélag Akureyrar (KFA)

gegn

Kraftlyftingasambandi Íslands (KRAFT)

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

I

DÓMUR

Kæra barst frá Kraftlyftingafélagi Akureyrar (KFA) móttekin á skrifstofu ÍSÍ 2. mars 2025, þar sem kærður er úrskurður Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT), frá 25. febrúar 2025. Dómari fékk málið til meðferðar 6. mars 2025. Greinargerð KRAFT barst 12. mars 2025 og athugasemdir frá KFA 18. mars 2025. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 29. apríl 2025, þegar tekist hafði að finna tíma sem hentaði öllum og var málið dómtekið í kjölfarið. Áður var sáttaumleitunum og gagnaöflun lokið.

Gögn málsins nr. 1-3 liggja frammi.

Í hinum kærða úrskurði er Gamlármót KFA, sem fram fór 31. desember 2024, úrskurðað ógilt. KFA skal endurgreidda keppnisgjöld ef þau voru innheimt. KFA er úrskurðað til greiðslu sektar að fjárhæð 100.000 kr. til KRAFT. Á meðan sektin er ógreidd sætir KFA keppnisbanni.

I.

Dómkröfur

Kærandi:

„Að úrskurður KRAFT gegn Kraftlyftingafélagi Akureyrar verðir dæmdur ógildur.

Að KRAFT fái áminningu fyrir brot á siðareglum ÍSÍ. Þá sérstaklega lið 1 og 3.

Að KRAFT verði gert að upplýsa hver kom myndum af börnum stjórnarliða Kraftlyftingarfélags Akureyrar til KRAFT. En þessar myndir voru í læstum hóp á facebook

Að stjórn KRAFT verði áminnt og sektuð fyrir að verða sér útum myndir af börnum í óleyfi, meðhöndla þær, deila þeim og að lokum senda foreldrum í viðhengi í tölvupósti sem kom börnum þeirra ekkert við.

Að Hinrik Pálsson formaður KRAFT verði dæmdur til óhlutgengis fyrir glannalega framgöngu gegn stjórn KFA, sem ekki er hægt að lýsa öðruvísi en sem áreiti og ofbeldi. Þar sem börnum stjórnar KFA var blandð í málið. Án nokkrar útskýringar.” (dskj.1).

Kærði:

“Kraftlyftingasamband Íslands krefst þess að hinn kærði úrskurður, sem kveðinn var upp þann 25. febrúar 2025, verði staðfestur.

Þá krefst Kraftlyftingasamband Íslands þess að öðrum kröfum Kraftlyftingafélags Akureyrar, sem varða ekki beint hinn kærða úrskurð, verði vísað frá dómi eða þeim verði hafnað.” (dskj. 2).

II.

Málatilbúnaður kæranda

Lýsing kæranda: „Þann 31. desember 2024 kom fólk saman og tók bekkpressu, þetta var ekki formlegt mót né félagsmót. Sérstaklega þar sem var tekið fram í öllum póstum að ekki væru formlegar mótareglur, engar reglur voru um keppnisbúnað, ekki voru notuð formlegar stigareglur til að ákveða sigurvegara, enginn formlegur skráingarfrestur né vigtunartími og lengi mætti telja. KRAFT virðist staðráðið í því að þetta hafi verið félagsmót þrátt fyrir að stjórn KFA(Kraftlyftingarfélags Akureyrar) segi að svo sé ekki.

Megin ástæða þess að KRAFT vill skilgreina þetta sem félagsmót er til að geta ákært bæði félagið og iðkanda sem er í banni frá starfi Kraflyftingarsambandsins. Hann var að fylgjast með dætrum og frænkum sínum sem áhorfandi og tók engan þátt í viðburðinum á neinn hátt nema að fylgjast með.“(dskj.1).

Kærandi kveður að þetta mál virðist vera fyrst og fremst til að hundelast við Grétar Skúla Gunnarsson og ætla honum að hafa verið starfsmann á mótinu. Þrátt fyrir að engar sannanir séu til um það, nema einhverjar myndir þar sem að stjórn KRAFT ætlar honum að hafa ekki verið á réttum stað og með ýmsar samsæriskenningar um eitt og annað í kringum það. Ofan á allt þetta er Grétar Skúla Gunnarsyni ætlað að hafa verið þjálfari, stangarmaður, ritari og dómari allt á sama tíma að virðist vera. Það væri of mikið fyrir venjulegan einstakling í toppformi, en Grétar Skúli er með margþættan stoðkerfisvanda og er í enduhæfingu með litlum sem engum líkum á bata. Að ætla hann sem eitthvað ofurmenni sem hleypur á milli hlutverka er fráleitt. Vitnisburður liggur fyrir í málinu frá meðlimum KA og Stjórnunnar sem komu til að fylgjast með

og eiga góðan dag. Þeir segjast ekki hafa orðið vitni af því að Grétar hafi verið starfsmaður á mótinu á neinn hátt.

Að sama skapi er vitnisburður stjórnarmeðlima KFA og vitna sá að Grétar var ekki starfsmaður hjá félaginu á gamlársdag að neinu leiti.

Þessu hafnar stjórn KRAFT og vísar í myndir sem þau fengu með ólögðum hætti af læstum facebook hóp KFA þar sem voru settar inn myndir og hefur stjórn KRAFT ekki leyfi til að meðhöndla þessar myndir.

Sérstaklega myndir sem eru af börnum undirritaðs (Þorbergs) og ég sé ekki hvernig þær tengjast málinu, ásamt myndum af dætrum Grétars Skúla. Það er búið að fá álit starfsmanns barnaverndanefndar á þessu og þetta talið skýrt brot af hálfu KRAFT að meðhöndla þessar myndir. Sérstaklega í ljósi þess að það var gert í illum tilgangi. Farið var fram á skýringar á þessu frá KRAFT og hver hefði deilt þessum myndum, en það sést að viðkomandi sem tekur skjáskotin er í beinum samskiptum við Hinrik Pálsson meðan athæfinu stendur. KRAFT sleppti því að svara þeim hluta í úrskurðinum.

Ofan á allt ofangreint, telur stjórn KFA að stjórn KRAFT hafi verið vanhæft til að fjalla um málið á hlutlausan hátt.

Varðandi lagarök þá vísar KFA í Siðareglur ÍSÍ, 1. og 3. gr. og Ályktun ÍSÍ um ofbeldi í íþróttþreyfingunni.

III.

Málatilbúnaður kærða

Um málavexti vísar kærði til málavaxtalýsingar í hinum kærða úrskurði frá 25. febrúar 2025. Málavaxtalýsingu kæranda er mótmælt að því leyti sem hún fer ekki saman við málavaxtalýsingu hins kærða úrskurðar.

Þá er sjónarmiðum kæranda þess efnis að ekki hafi verið um „formlegt“mót að ræða hafnað, Þá tekur kærði sérstaklega fram að stjórn kærða hafi engan sérstakan áhuga á því að „stilla málum þannig upp“að hægt sé að kæra „bæði félagið og iðkanda sem er í banni frá starfi Kraftlyftingasambandsins.“Eins og gögn málsins bera með sér þá stóð kærandi fyrir félagsmóti þar sem félagsmaður, sem sætti óhlutgengisúrskurði, tók virkan þátt. Að mati kærða var um hefðbundið félagsmót að ræða sem, eðli málsins samkvæmt, fellur undir reglur hreyfingarinnar.

Það sé ekki hægt að nefna hlutina öðrum nöfnum en þeir raunverulega eru í því skyni að koma sér undan regluverki íþróttarinnar.

Kærði kveður kæranda byggja á fjórum atriðum. Í fyrsta lagi því að ekki hafi verið um félagsmót að ræða sem fellur undir regluverk kraftlyftingahreyfingarinnar, í öðru lagi á því að Grétar Skúli Gunnarsson hafi engan þátt tekið í mótinu og einungis verið áhorfandi, í þriðja lagi á því að stjórnarfolk kærða hafi verið vanhæft til þess að kveða upp úrskurð í málinu og í fjórða lagi á því að kærði hafi notast við ljósmyndir frá mótinu með ólögætum hætti.

Varðandi fyrsta atriðið, byggir kærði á því að að umrætt gamlaármót kæranda hafi verið félagsmót í skilningi mótareglna kærða og því giltu mótareglur kærða og eftir atvikum önnur lög og reglur kærða og ÍSÍ um mótið.

Kærði bendir á að í mótinu var keppt í bekkpressu, sem er keppnisgrein innan kærða, og var mótið haldið af aðildarfélagi innan vébanda kærða. Mótið var auglýst á samfélagsmiðli kæranda sem klassískt og árlegt mót með tímaáætlun og skiptingu í keppnisholl. Í tilkynningu eftir mótið á samfélagsmiðlasíðu kæranda var m.a. greint frá fjölda keppenda og hvaða keppendur hafi orðið stigahæstir. Af þessu tilefni vísar kærði til auglýsinga á myndum 2 og 3 sem fylgdu með hinum kærða úrskurði. Eins og bersýnilega sést á myndunum þá var ekkert sem benti til annars en að um væri að ræða venjulegt félagsmót kæranda. Kærði bendir á að hér er um samtímagögn að ræða, sem ríma engan veginn við eftiraskýringar kæranda.

Þá bendir kærði á að þótt hugsanlega hafi verið vikið frá gildandi keppnisreglum í ýmsum atriðum eins og varðandi þyngdarflokka, búnað eða annað slíkt og því haldið fram að mótið hafi verið óformlegt, þá er mótið engan veginn undanskilið mótareglum eða öðru regluverki kærða og ÍSÍ.

Varðandi annað atriðið, þá byggir kærði á því að Grétar Skúli Gunnarsson hafi tekið þátt í framkvæmd mótsins á sama tíma og honum var það óheimilt, en með úrskurði Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í málinu nr. 4/2024, sem upp var kveðinn þann 18. desember 2024, var Grétar Skúli dæmdur til óhlutgengis í átta mánuði frá 15. ágúst 2024 að telja. Í því fólst að hann sætti útilokun frá þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og var sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan Kraftlyftingasambandsins. Þ.m.t. innan félaga sem starfa innan

vébanda sambandsins. Leikur því enginn vafi á því að honum var þátttaka í mótinu óheimil. Með því að óska eftir eða a.m.k. heimila þátttöku Grétars Skúla í mótinu þá virti kærandi fyrirbyggjandi óhlutgengisdóm vísitandi að vettugi.

Á myndum sem birtust frá mótinu á samfélagsmiðli kæranda, og fylgdu með hinum kærða úrskurði, má sjá hvar Grétar Skúli situr við keppnispallinn á þeim stað þar sem dómari myndi alla jafna sitja með fjarstýringu af dómara ljósum í fanginu. Einnig sést á mynd hvar Grétar Skúli réttir það sem virðist vera „meldingarmiði“ til kvenkyns keppanda og virðist vera með blokk af slíkum meldingarmiðum. Þá er önnur mynd af Grétari Skúla sitjandi á sama stað í sæti við keppnispallinn með fjarstýringu að dómara ljósum. Undir þeirri mynd eru ummæli rituð sem gefa augljóslega til kynna að Grétar Skúli hafi verið að aðstoða á mótinu þrátt fyrir að vera óhlutgengur.

Á einni mynd af mótinu er Grétar Skúli við keppnisrekka þegar keppandi er að framkvæma keppnislyftu. Grétar Skúli er með mikla reynslu af kraftlyftingum og er m.a. með dómara réttindi. Í keppnisreglum um kraftlyftingar segir að meðan á lyftu stendur meggi einungis keppandi, stangarmenn og dómarar vera á keppnispallinum.

Þau sjónarmið kæranda varðandi mynd, þar sem Grétar Skúli er við lyftingarekka á keppnispalli þegar keppandi er að framkvæma lyftu, þess efnis að þar virðist hann ganga inn í myndina, eru að mati kærða ótrúverðug og fjarstæðukennd.

Samkvæmt 6. gr. mótareglna kærða segir að enginn sem er í keppnisbanni eða sem ekki er skráður í aðildarfélag kærða meggi keppa, dæma, starfa eða aðstoða keppendur á kraftlyftingamótum sem haldin eru af aðildarfélagi kærða án sérstaks leyfis stjórnar kærða. Ekki lá fyrir leyfi stjórnar kærða um undaþágu samkvæmt þessari grein né hafði verið eftir henni sóst.

Í 16. gr. mótareglna kærða segir að stjórn kærða geti ógilt mót ef alvarlegur misbrestur er á framkvæmd þess og er sérstaklega tekið fram í greininni að undir það falli ef óhlutgengir keppa eða starfa á mótinu. Einnig segir að við ógildingu skuli mótshaldari greiða sekt að upphæð 100.000 kr. og endurgreiða keppnisgjöld.

Um hegðun keppenda, forystumanna og annarra fulltrúa íþróttafélaga er fjallað í 5. gr. mótareglna kærða. Í niðurlagi ákvæðisins segir að sérhvert félag skuli vera ábyrgt fyrir framkomu keppenda sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni.

Varðandi þriðja atriðið þá hafnar kærði alfarið að tengsl tiltekinna stjórnarmanna kærða hafi valdið því að þeir hafi verið vanhæfir til þess að úrskurða í málinu. Öllum ávirðingum um ætlað óhlutleysi og „fjandsamlega afstöðu“ stjórnarfólks kærða er sömuleiðis hafnað sem röngum og ósönnuðum.

Í því sambandi er bent á að bæði Dómstóll ÍSÍ og Áfrýjunardómstóll ÍSÍ hafa áður fjallað efnislega um meint vanhæfi stjórnarfólks kærða gagnvart kæranda í máli 6/2024 (Dómstóll ÍSÍ) og máli 4/2024 (Áfrýjunardómstóll ÍSÍ) og hefur öllum slíkum sjónarmiðum verið hafnað. Sömu sjónarmið eiga við í þessu máli.

Varðandi fjórða atriðið um notkun ljósmynda, vísar kærandi annars vegar til þess að notkun ljósmyndanna hafi verið ólögmat þar sem þær voru birtar á lokuðu svæði á samfélagsmiðli kæranda og hins vegar að notkun ljósmyndanna „ógni öryggi fólks og barna þeirra“ þar sem á myndunum hafi mátt sjá börn sem voru ekki þátttakendur í mótinu. Í því sambandi hefur kærandi einnig vísað til þess að „fjölskylda barnanna hafi miklar áhyggjur af deilingu og dreifingu á þessum myndum“ og að barnaverndarnefnd og jafnvel lögreglu hafi verið tilkynnt um málið.

Kærði kveður að tilgangurinn með notkun myndanna var augljóslega sá að varpa ljósi á þátttöku Grétars Skúla í umræddu móti. Kærði hefur ekki notað myndirnar með öðrum hætti og voru þær einungis sendar kæranda sjálfum undir rekstri málsins.

Varðandi kröfur kæranda um að kærði hljóti áminningu vegna borta á siðareglum og að kærða verði gert að upplýsa um hvernig framangreindar ljósmyndir komust til vitundar hans, að kærði verði áminntur og sektaður fyrir notkun umræddra ljósmynda og loks að formaður kærða verði dæmdur til óhlutgengis fyrir „glannalega framgöngu“. Kærði krefst þess að öllum þessum kröfum kæranda verði vísað frá dómi eða að þeim verði í öllu falli hafnað.

IV

Málflutningur

Við munnlegan flutning málsins voru tvö vitni kölluð fyrir dóminn af kæranda hálfu.

Í framburði vitnisins Huldu B. Benediktsdóttir Waage, sem var viðburðarsjóri á gamlársmótinu, kom m.a. eftirfarandi fram;

Kærandi: Varðandi gamlársmótið sem haldið er fram að sé félagsmót. Er eitthvað sem bendir til við framkvæmd að þetta hafi verið félagsmót varðandi mótareglur KRAFT og IPF.

HBW: Nei fórum ekki eftir þessum reglum. Umgjörðin er að þetta er skemmtun, komum saman og borðum veitingar og tökum bekkpressu. Einn var með olnbogahlífar sem er alveg bannað. Ég hef bæði keppt og verið dómari.

Kærandi: Þú hefur verið aukamanneskja í stjórn síðan við fórum út á Hjalteyri. Höfum við talað um að þetta sé félagsmót?

HBW: Nei samkoma og skemmtun

Kærandi: Grétar Skúli. Var hann eitthvað annað en áhorfandi eða hvetjandi?

HBW: Nei hafði hvorki andlega né líkamlega heilsu til að sinna slíku starfi. Vildi ekki skilja hann eftir heima eða hafa einan.

Kærði: Heyrði ég rétt að það hefði ekki verið dómgæsla á mótinu?

HBW: Vorum tvö sem voru dómarar.

Kærði: Hef þá misheyrt, hélt þú hefðir sagt að það væru ekki dómarar

HBW: Jú það voru einhverjir dómarar

Í framburði vitnisins Söru Viktoríu Bjarnadóttir kom m.a. eftirfarandi fram:

Kærandi: Var talað um að þetta væri félagsmót?

Sara: Nei

Kærandi: Þú ert með takmarkaða reynslu af mótum en hefur mætt á nokkur mót, m.a félagsmót. Var eitthvað sem benti til að þetta væri félagsmót?

Sara: Nei þetta var meira samkoma kunningja og vina. Vorum að spjalla og drekka kaffi. Ekki talað um að þetta væri mót.

Kærandi: Grétar – sinnti hann einhverjum störfum fyrir félagið?

Sara: Nei

Kærði: Hjó eftir því að þú nefndir að ekki hefði verið talað um að um mót væri að ræða?

Sara: Já ekki talað um þetta sem mót, bara mót manna. Ekki farið eftir einhverjum reglum sem stílaðar eru inn á KRAFT.

Kærði: Í auglýsingu fyrir mótið segir orðrétt: „Gamlármót KFA er klassískt og árlegt mót sem haldið verður í 33 skipti í fyrramálið. Hér eru helstu upplýsingar til að tryggja að allir séu viðbúnir. Svo koma upplýsingar um keppendur og talað um gamlársmót í bekkpressu. Hver er skilningur þinn á þessu? Er þetta ekki mót?

Sara: Það er til ættarmót. Ég get verið á alls konar mótum.

Kærði: Mót í skilningurinn hittingur?

Sara: Já

Við flutning málsins kom m.a. eftirfarandi fram hjá kæranda:

Snýst að mestu leyti um hvort þetta sé félagsmót og hvort hann aðstoðaði í viðburðinum. Í 11. gr. mótareglna KRAFT. KFA skráði mótið ekki sem félagsmót. Ekki farið eftir reglum IPF og KRAFT eins og er farið fram á. Mótanefnd á að annast niðurröðun á mótið. Þeir fengu ekki slíkt erindi. Ekki þyngdarflokkar sem eru viðurkenndir, allur búnaður leyfður. Olnbogahlífar eru leyfðar. Keppendur notuðu VILKS formúluna til að bera sig saman. Það er ekki formlega formúlan sem er notuð og er ekki lengur í gildi. Ekkert keppnisgjald rukkað. Þetta var bara hittingur og fólk að taka bekkpressu.

Líka tekið fram að dómarar og starfsmenn skuli skráðir. Ekki til formlegar tölur. Ekki hægt að skrá félagsmenn. Ekki farið eftir öllum þessum reglum. Ekkert búnaðartékk. Enginn aðili frá KRAFT á viðburðinum og það var rætt við tvö vitni. Viktor frá KA og Ingvar frá Stjórnunni. Báðir sögðu að Grétar hefði ekki tekið þátt í viðburðinum

Varðandi félagsmót hjá KRAFT. Óskýrt hvert þú tilkynnir eða hvort þau eru tilkynnt yfirhöfuð. Ætti að vera undir félögunum komið hvort þetta er félagsmót eða ekki. Það er til skilltest sem er nákvæmlega eins og mót. Þar eru notaðir dómarar. Það er sett upp eins og mót með dómurum og öllu en það er ekki félagsmót. Ef við tökum LSÍ þá tilkynnir þú innanfélagsmót. Hjá þeim fer þetta ekkert milli mála. Þetta var ekki félagsmót.

Við flutning málsins kom m.a. eftirfarandi fram hjá kærða:

Hugtakið félagsmót. Þetta var auðvitað mót hvort sem það var formlegt eða ekki. Á fb síðu KFA er mótið auglýst, mynd 1. Klassískt mót skv. auglýsingunni. Upplýsingar um keppendur og að keppt sé í ólíkum flokkum og verðlaun. Augljóst að um mót í íþróttalegum skilningi var að ræða. Klassískt bekkpressumót skv. þeirra eigin skýringum.

Í öllum fb statusum myndir 2-8 er alltaf talað um mót og dómara og þess háttar. Mótið er haldið á vegum KFA. KFA er innan KRAFT. Verið að keppa í bekkpressu og auglýst af KFA en ekki af Grétari eða eiginkonu hans. Er ekki fjölskylduhittingur eins og haldið er fram. Stenst ekki neina skoðun.

Skiptir ekki máli hvort þetta var félagsmót eða annars konar mót. Í 11. gr. mótareglna KRAFT segir að félagsmót eru ekki sett á mótaskrá KRAFT. Því ekki skrítið að mótið hafi ekki verið á mótaskrá. Auglýsing skráning og framkvæmd er í höndum félaga.

Bendi á að þetta er félagsmót í skilningi mótareglna KRAFT. Því gilda mótareglur KRAFT og því gilda þær um mótið. Tilraunir KFA til að gefa þessu önnur nöfn ef hafnað.

Verið að keppa í bekkpressu sem grein innan KRAFT. Haldið af aðildarfélagi KFA. Mótið auglýst af KFA með tímaáætlun, keppnishólfum o.s.frv. Greint frá fjölda keppenda, hver var stigahæstur. Þó vikið hafi verið frá gildandi keppnisreglum þá gerir það ekki það að verkum að mótið sé undanskilið regluverki íþróttahreyfingarinnar.

Málatilbúnaðurinn hefur þó enga þýðingu því úrskurður KRAFT tekur ekki bara til móta heldur allra viðburða sem eru innan kraftlyftingasambandsins. Ekki bara mót. Hulda telur að Grétar Skúli hafi aðeins verið dæmdur óhlutgengur í viðburði á vegum KRAFT en ekki innan KRAFT.

Í úrskurðinum segir að hann skuli sæta útilokun frá þátttöku í æfingum, sýningum o.s.frv.

Það þýðir ekki bara atburðir sem haldnir eru af Kraftlyftingasambandinu heldur allir atburðir sem haldnir eru á vegum félaga innan KRAFT. Þetta sýnir þekkingaleysi á reglunni. Grétar Skúli hefur verið úrskurðaður til óhlutgengis, hann er óhlutgengur þannig að hann má ekki taka þátt í neinu. KFA má ekki tefla honum fram í neinu. Má ekki vera starfsmaður, sjálfboðaliði og þess háttar. Var með dómi útilokaður frá allri þátttöku í æfingum á vegum KFA, keppnum, sýningum. Í fullu samræmi við grein 38.2 í lögum ÍSÍ. Sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan hreyfingarinnar. Í lögum ÍSÍ er meira að segja talað um íþróttahreyfingarinnar. KRAFT taldi sig ekki hafa heimild til að úrskurða óhlutgengi út fyrir eigin íþróttir. Á vegum KRAFT og innan

KRAFT. Bannið nær til þessa alls. Hann má ekki einu sinn æfa og augljóslega nær það til þátttöku í gamlársmóti KFA.

V.

Forsendur og niðurstöður

Í málinu er deilt um hvort mót sem kærandi hélt á gamlárstag hafi verið mót sem fellur undir reglugerð kærða um kraftlyftingakeppni (mótareglur) eins og byggt er á í hinum kærða úrskurði. Einnig er deilt um aðkomu Grétars Skúla Gunnarssonar að mótinu, á meðan hann sætir óhlutgengi skv. dómi Áfrýjunardómstóls ÍSÍ, þar sem hann var dæmdur til að sæta útilokun frá þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og var sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum innnan Kraftlyftingasambandsins frá 15. ágúst 2024 til 15. apríl 2025.

Kærði byggir á auglýsingu kæranda um mótið sem birtist á samfélagsmiðli félagsins (fésbókarsíðu) daginn fyrir mót og myndum sem voru birtar þar eftir mótið, þar sem kemur fram að keppt var í bekkpressu, sem sé keppnisgrein innan kærða. Samkvæmt þessu teljist umrætt mót kæranda vera félagsmót í skilningi mótareglna kærða og því gildi mótareglur kærða og eftir atvikum önnur lög og reglur kærða og ÍSÍ um mótið. Brot kæranda á mótareglum undanskilji mótið ekki mótareglum kærða.

Varðandi aðkomu Grétar Skúla að mótinu, byggir kærði á myndum frá mótinu af Grétari Skúla þar sem sést að Grétar Skúli er viðstaddur keppni sem fram fer á palli eða sviði. Kærði kveður myndir sýna að Grétar Skúli hafi haft hlutverk á mótinu á meðan hann var óhlutgengur.

Á grundvelli þessa úrskurðar kærði mótið ógilt, með vísan til 16. gr. mótareglna KRAFT, þar sem segir að stjórn KRAFT geti ógilt mót ef alvarlegur misbrestur er á framkvæmd, t.d. ef óhlutgengir keppa eða starfa á mótinu.

Kærandi byggir á því í andmælum sínum eftir mótið, að ekki hafi verið um formlegt mót að ræða. Þar hafi engar keppnisráðslur né árangur verið skráður. Viðburðurinn var hvorki skilgreindur sem klassísk bekkpressa né nokkuð annað. Allur búnaður var leyfður, ekki var rukkað gjald fyrir þátttöku og öllum var velkomið að mæta og taka þátt. Hér sé um margvísleg brot á mótareglum kærða að ræða sem styðji andmæli kæranda um að þetta hafi ekki verið formlegt mót.

Kærandi hafnar því að Grétar Skúli hafi verið með hlutverk eða tekið þátt í mótinu á nokkurn hátt.

Af gögnum málsins verður ráðið að kærandi auglýsti á samfélagsmiðli félagsins, 30. desember 2024, að Gamlármót KFA, klassískt og árlegt mót sem væri haldið í 33 skipti færi fram næsta dag. Í auglýsingunni var nánar greint frá dagsetningu, staðsetningu, tímasetningum og hollaskipan. Loks voru keppendur og áhorfendur hvattir til að mæta tímanlega til að njóta þessa stórkostlega viðburðar og skapa frábæra stemmingu fyrir gamlársdag og þess óskað að öllum keppendum gangi vel.

Með vísan til þessa og myndanna frá mótinu sem liggja frammi í málinu kemur ekkert fram um annað en hér hafi verið um hefðbundið mót að ræða á vegum KFA. Ætla verður að hafi það ekki verið meiningin hafi það átt að koma fram í auglýsingunni. Það er álit dómsins að hér hafi verið um kraftlyftingamót að ræða.


Einnig er það álit dómsins að viðvera Grétar Skúla á mótinu, eins og fram kemur á myndum frá mótinu, sé óheimil á meðan hann sætir óhlutgengi.

Með vísan til þessa er það niðurstaða dómstóls ÍSÍ í máli þessu, að staðfesta beri með dómi hinn kærða úrskurð stjórnar KRAFT. Kröfu kæranda um brot kærða á siðareglum er hafnað og einnig að formaður kærða, sem er ekki aðila að málin verði dæmdur til óhlutgengis. Í því sambandi hefur eldri málalíbúnaður fyrir dómstólnum ekki áhrif. Öðrum kröfum kæranda er vísað frá dómi.

VI.

Dómsorð:

Kröfu kæranda um að úrskurður Kraftlyftingasambands Íslands gegn Kraftlyftingarfélagi Akureyrar, dags. 25. febrúar 2025 verði dæmdur ógildur, er hafnað.



Halldór Frímannsson
Dómari

Aðilum er bent á ákvæði 35.3 í lögum ÍSÍ þar sem segir að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.